

Hafnarfirði 30. nóvember 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er síðasta vika í kennslu hafin. **Síðasti kennsludagur er föstudagurinn 3. desember** og er hann hugsaður sem námsversdagur þar sem nemendur geta komið í stofur og hitt kennara sína til að fá aðstoð við að undirbúa lokapróf og/eða skila lokaverkefnum, sjá skipulag [hér](#). **Próf hefjast** samkvæmt próftöflu **mánudaginn 6. desember**. Fyrsta prófið er í stærðfræði og fer fram klukkan 08:30, næst er það umhverfisfræði og þýska, þar næst eðlis- og efnafræði og koll af kalli.

Margir eru á harðaspretti við að ljúka námsmati í símatsáföngum. Ég minni á mikilvægi þess að fara vel yfir leiðbeiningar og allar upplýsingar í INNU. Ég vil einnig minna á mikilvægi þess að vinna öll verkefni og próf af samvirkusemi og bestu getu en í prófreglum skólans segir m.a. að nemendur skulu vera **stundvísir í próf**, nýta eingöngu þau **gögn sem leyfð eru í prófinu** og að **óheimilt sé að aðstoða aðra eða þiggja aðstoð í prófi**. Ég vil biðja nemendur um að hafa þetta í hávegum næstu vikurnar.

Munið að þið þurfið alltaf að framvísa skilríkjum í prófum, **vegabréfi eða ökuskírteini**. Þeir sem taka próf með aðstoð talgervils þurfa að taka með sér **heyrnartól** sem hægt er að tengja við tölvu.

Ef nemendur þurfa aðstoð við að skipuleggja sig í kringum lokaprófstímann þá er hægt að hafa **samband við nemendapjónustu skólans**, sjá nánari upplýsingar á vefsíðu skólans. Þá minni ég einnig á **námskeið um próftöku og prófkviða** á morgun klukkan 14:45 í stofu H102.

Ef **færa þarf próf vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða veikinda á próftíma** þá minnum við á mikilvægi þess að láta **skrifstofu skólans vita sem fyrst á prófdegi**.

Að lokum vil ég minna á **brautskráningu skólans laugardaginn 18. desember klukkan 13:00** en um 50 útskriftarefni munu þá útskrifast við hátíðlega athöfn í Hamarssal. Undirbúningur er einnig hafinn fyrir vorönn 2022 og verður skólabyrjun nánar auglýst síðar.

Gangi ykkur vel í öllu því sem framundan er.

Kær kveðja,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594





HEILSUEFLANDI
framhaldsskóli



JAFNLAUNAVOTTUN
2019 - 2022